

Alþingi
Erindi nr. P 139/962
komudagur 13.12.2010



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Reykjavík 13. desember 2010

Umsögn um 208. mál 139. löggjafarþings – Frv. til laga um virðisaukaskatt

Bandalag íslenskra listamanna – BÍL hefur fengið til umsagnar 208. mál á dagskrá 139. löggjafarþings frumvarp til laga um virðisaukaskatt. Beðist er velvirðingar á því að ekki skyldi nást að senda umsögnina innan tilskilins frests (10.12.10), vonandi nær umsögnin eyrum þingmanna í efnahags- og skattanefnd áður en málið verður afgreitt frá nefndinni, enda um mikilvæga hagsmuni listamanna og handverksfólks að ræða.

Skattkerfið endurskoðað

BÍL hefur tekið þátt í vinnu við endurskoðun skattkerfisins, með því að við eigum fulltrúa í samráðsnefnd starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði þ. 23. apríl 2010. Starfshópurinn fékk það hlutverk að móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu í framhaldi af breytingum sem gerðar voru á skattalöggjöfinni á árinu 2009, en sér til ráðgjafar hefur hópurinn fyrrnefnda samráðsnefnd þar sem BÍL á fulltrúa. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu sl. október, sem lýsir fyrri áfanga vinnunnar. Þau mál er lúta að sérstöðu listamanna bíða hins vegar síðari áfanga, sem gert er ráð fyrir að fari af stað eftir áramót. Þar er m.a. átt við stöðu listamanna gagnvart ákvæðum laga um virðisaukaskatt. Það kom BÍL því nokkuð á óvart að fjármálaráðherra skyldi mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, þegar vitað var að starfshópurinn og samráðsnefndin höfðu ekki náð að fjalla um breytingar á virðisaukaskattskerfinu.

Fréttatilkynningu um hlutverk starfshópsins og áfangaskýrslu hans er að finna á hjál. slóð:

<http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/frettatilkynningar/nr/13567>

Á bls. 32 í áfangaskýrslunni segir:

Fljótlega varð ljóst að þær hugmyndir sem fram komu af hálfu samráðsnefndarinnar þyrftu nær allar frekari skoðunar við í nánú samhengi við heildarendurskoðun á skattkerfinu. Þar af leiðandi endurspeglast einstakar hugmyndir samráðsnefndarinnar að breyttri tekjuöflun að takmörkuðu leyti í þeim tillögum sem fram koma í þessari áfangaskýrslu. Því hefur hins vegar verið komið á framfæri við samráðsnefndina að starfshópurinn muni að ræða einstakar hugmyndir nefndarmanna frekar og verður sú umræða stór þáttur í framhaldsstarfi hópsins um heildarendurskoðun á íslenska skattkerfinu.

Ófært að tollyfirvöld ákvarði um listrænt gildi

Þau atriði sem listamenn vilja að lagfærð verði í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 eru

eftirfarandi: **Undanþágu frá skattskyldu skv. 2.tl. 4.gr laganna verði breytt þannig að hún nái til allra listamanna er selja listmuni og að skilgreiningu tollskrár verði breytt til samræmis við það.** Undanþegnir skattskyldu skv. lögnum eru: *Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000.* Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingu á þessum tölulíð, en BÍL telur nauðsynlegt að skoða ágallana sem eru á framkvæmd þessa lagaákvæðis.

Þar sem undanþáguheimild ákvæðisins er bundin tollskrárnúmerum, er það í raun í verkahring tollyfirvalda að skilgreina hvað fellur undir undanþáguna og hvað ekki; m.ö.o. fela lögin tollyfirvöldum að ákveða hvað er list/listmunir og hvað ekki. Á yfirstandandi ári hafa listamenn í auknum mæli fengið tilkynningar og/eða heimsóknir frá tollyfirvöldum þar sem þeim hefur verið gert að standa skil á virðisaukaskatti af listmunum sem í skilningi tollyfirvalda „hafa einkenni verslunarvöru“ og falla því ekki undir undanþáguna. Listamenn hafa óskað eftir fresti til að gera upp slíkar kröfur þar sem þessi ákvæði laganna séu í endurskoðun. Það er því mikilvægt að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis breyti 2.tl. 4.gr. laganna þannig að tekin séu af öll tvímæli um hvað heyrir undir undanþáguna og hvað ekki.

Skilgreining tollskrár á þeim listaverkum sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000 er eftirfarandi:

1. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki:

- A) uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk;
- B) handskrifaður texti;
- C) ljósmyndir á ljósnaeman pappír;
- D) handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir.

2. Klippimyndir og áþekk veggskreytisþjöld

3. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti þ.e myndir sem þrykktar eru beint í svörtu og hvítu með einni eða fleir plötum sem listamaðurinn hefur gert að öllu leyti í höndum án tillit til þeirra aðferða eða efnis sem hann notar, þó ekki með neins konar vélrænum eða ljósvélrænum aðferðum.

4. Frumverk af höggmyndum og myndastyttum úr hverskonar efni. Til þessa teljast ekki fjöldaframleiddar endurgerðir af listaverkum eða venjulegar handiðnaðarvörur **sem hafa einkenni verslunarvöru.** Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, klippimyndir eða áþekk veggskreytisþjöld, stungur, þrykk eða steinprent skoðast sem hluti af þessum vörum enda séu þeir að gerð og verðmæti í eðlilegu samræmi við þær.

Vilji mennta- og menningarmálaráðherra

Þ. 14. apríl sl. ritaði mennta- og menningarmálaráðherra bréf til fjármálaráðherra þar sem greint er frá ýmsum álitamálum er varða listamenn og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Í bréfinu er þess óskað að fjármálaráðuneytið hafi þessi álitamál í huga við væntanlegar skattkerfisbreytingar. Bréfið hefur verið lagt fram í vinnu fyrrgreinds starfshóps um skattkerfisbreytingar og það fylgir umsögn þessari.

Í bréfinu eru nefnd tvö álitamál er varða 2.tl. 4.gr. laga nr. 50/1988. Annars vegar varðandi skilgreiningu „grunnskrár virðisaukaskatts“ varðandi sölu listamanna á nytjamunum sem hafa einkenni venjulegrar verslunarvöru og hins vegar varðandi aðferð listamanna við að selja listmuni. Í bréfinu er vitnað til úrskurðar yfirskattanefndar, sem gerir ráð fyrir að undanþágan frá skattskyldu sé

takmörkuð við þá listamenn sem hafa bein og milliliðalaus persónuleg viðskipti við kaupendur sína. M.ö.o. hún gildir ekki um þá listamenn sem sameinast tveir eða fleiri undir merkjum lögaðila um sölu á nytjalist til almennings.

BÍL gerir það að tillögu sinni að 2. tl. 4.gr. laganna kveði skýrt á um það að undanþágan glldi um alla handunna listmuni framleidda af listamönnum burtséð frá aðferðinni sem notuð er við sölu og að „grunnskrá virðisaukaskatts“ verði breytt til samræmis við það.

Vefjist þessar breytingar fyrir löggjafanum og verði þeim hafnað, sér BÍL ekki aðra leið færa en að skoðaðar verði grundvallarbreytingar varðandi skattlagningu listamanna, sem fælust í því að undanþágan í 2.tl. 4.gr. laga nr. 50/1988 yrði felld niður og listamenn hreinlega settir undir virðisaukaskattskerfið, -þá í lægsta þrepi þ.e. 7%. Slík ákvörðun er þó svo viðurlutamikil að ómögulegt er að taka hana nema að undangengnu víðtæku samráði aðila. Meðan ekki verður endanlega skorið úr um þessi álitamál leggur BÍL til að löggjafinn hlutist til um að umdeildum kröfum toll- og skattfirvalda á hendur listamönnum verði frestað þar til fundin er lausn til frambúðar.

Gagnast áhugamönnum ekki atvinnufólki

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á 3.tl. 4. gr. laganna og að hann orðist svo: *þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemi hefst.*

Þessi breyting er að mati BÍL sjálfsögð sérstaklega þegar horft er til verðlagshækkana sem orðið hafa frá 2006 þegar ákveðið var að krónutalan væri 500.000 kr. Þó verður að hafa hugfast að þessi breyting hefur lítið með listamenn að gera, hún gagnast fyrst og fremst þeim sem selja lítið af skattskyldri vöru. Undir ákvæðið falla þeir sem stunda einhvers konar framleiðslu í tómsundum sínum en það skiptir sáralitlu eða engu máli fyrir listamenn sem eru að reyna að hafa atvinnu af list sinni.

Framkvæmd þessa ákvæðis er með þeim hætti að listamaður, sem framleiðir muni sem ekki falla undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000 og selur yfir 500.000 kr. á fyrstu tólf mánuðum sem hann stundar iðju sína, skal sækja um virðisaukaskattsnúmer og eftir að hann hefur fengið það þá greiðir hann 25,5% vsk af allri sinni sölu þar til hann hættir framleiðslu. Það er ekki gert ráð fyrir að listamaður skili inn vsk-númeri sínu í upphafi hvers 12 mánaða tímabils og sækji svo um það aftur þegar 500.000 kr. markinu er náð. Það er mikilvægt að þingmenn átti sig á því að ákvæðið í frumvarpinu er **ekki** ávísun á einnar milljónar króna undanþegna veltu á ári.

Sambærilegt frítekjumark og í Danmörku

Listamenn hafa bent á mikilvægi þess að þeir sitji við sama borð og listamenn í nágrannalöndum okkar hvað frítekjumark varðar. Í fyrrnefndu bréfi mennta- og menningarmálaráðherra til fjármálaráðherra er getið um þetta atriði og þess óskað að gætt sé samræmis við nágrannalönd okkar. Eftir bestu fánlegu upplýsingum er dönskum listamönnum heimilt að selja list sína að DKK 300.000 á ári (6 millj. ISK), eftir það er innheimtur 5% virðisaukaskattur. Þar virðist frítekjumarklið virka sem árleg ívilnun, þ.e. að fyrstu 300.000 DKK á ári eru alltaf undanþegnar vsk. Um þetta þyrfti þó að afla áreiðanlegra upplýsinga.

Af framansögðu er ljóst að ákvæði 3.tl. 4.gr. laganna varðar einungis þá aðila sem selja mjög lítið af skattskyldri vöru, en hefur lítið með skattlagningu listaverka/listmuna að gera. Það er ósk BÍL að efnahags- og skattanefnd taki afstöðu til kröfunnar um sex milljóna króna frítekjumark fyrir listamenn og höfundar listmuna, að því gefnu að niðurstaðan verði sú að slík starfsemi verði látin bera virðisaukaskatt. Í því sambandi mætti hugsa sér að listamenn og höfundar listmuna gætu átt vai um það hvort þeir heyri undir virðisaukaskattskerfið eða verði undanþegnir því.

Ársskil virðisaukaskatts

Breytingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir á 7. grein er sjálfsögð en skiptir ekki miklu máli fyrir listamenn sem hafa atvinnu af list sinni.

Ójöfn samkeppnisstaða eftir mlöulunaraðferð

Í áðurnefndu bréfi mennta- og menningarmálaráðherra frá 14. apríl sl. er vakin athygli fjármálaráðuneytisins á því að lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 mismuni þeim sem selja tónlist og hljóðbækur til niðurrhals. Skv. 14.gr. laganna er almenn vsk-prósenta 25,5% en skv. 10.tl. greinarinnar er gert ráð fyrir lægri skattprósentu á geisladiska, hljómplötur, segulbönd og aðra sambærilega miðla með tónlist en ekki með mynd. Þessi mismunun á sinn þátt í því að sala á tónlist til löglegs niðurrhals á erfitt uppdráttar gagnvart ólöglegri dreifingu tónlistar á netinu. Slík mismunun stríðir gegn því markmið menningaryfirvalda að stuðla beri að því að notendur taki löglega kosti fram yfir ólöglega eitakagerð.

BÍL fer þess á leit við efnahags- og skattanefnd að bætt verði við 10.tl. 14.gr. laganna ákvæði um að tónlist og hljóðbækur til niðurrhals beri 7% virðisaukaskatt.


Lokaorð

Bandalag íslenskra listamanna telur að skynsamlegt hefði verið að bíða með breytingar á lögum um virðisaukaskatt þar til starfshópur sá, sem settur var á lagginnar til að endurskoða skattkerfið, hefði lokið störfum. En úr því farið er af stað með þær breytingar sem liggja fyrir í þingmáli 208 er mikilvægt að skoða sérstaklega þær tillögur sem hér eru settar fram af hálfu forystusveitar listamanna:

- Að undanþágu frá skattskyldu skv. 2.tl. 4.gr laganna verði breytt þannig að hún nái til allra listamanna er selja listmuni og að skilgreiningu tollskrár verði breytt til samræmis við það.
- Að 2. tl. 4.gr. laganna kveði skýrt á um það að undanþágan gildi um alla handunna listmuni framleidda af listamönnum burtséð frá aðferðinni sem notuð er við söiuna og að „grunnskrá virðisaukaskatts“ verði breytt til samræmis við það.
- Að bætt verði við 10.tl. 14.gr. laganna ákvæði um að tónlist og hljóðbækur til niðurrhals beri 7% virðisaukaskatt.

Virðingarfyllst

f.h. Bandalags íslenskra listamanna,


Kolbrún Halldórsdóttir, forseti.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
menntamálaráðuneyti.is

Fjármálaráðuneytið
Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. apríl 2010
Tilv.: MMR10011699/5.9

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa á undanförunum misserum borist ýmsar ábendingar frá fjölmiðlaþjónustuveitendum, námsmönnum og listamönnum um mismunun og ósanngjörn ákvæði skattalaga sem teljast óhagstæð fyrir afkomu þeirra og mennta- og menningarstarfsemi hvers konar. Ábendingarnar varða lög um vörugjald nr. 97/1987, lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Ólík skattlagning búnaðar til mynd- og hljóðmiðlunarþjónustu eftir því hvort hann er látinn í té af fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaþjónustuveitanda.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur hafa vakið athygli á mismunandi skattareglum sem gilda um fjarskiptaþjónustu annars vegar og mynd- og hljóðmiðlunarþjónustu fjölmiðlaþjónustuveitenda hins vegar. Af þessu leiðir t.d. að fjölmiðlaþjónustuveitandinn 365 miðlar kýs að láta myndlykla fyrir þjónustu félagsins vera í eigu fjarskiptafyrirtækisins Vodafone. Þar með teljast myndlyklarnir vera hluti af fjarskiptakerfi þess félags og njóta þess skattalega hagræðis sem búnaður slíkra félaga hefur lögum samkvæmt.

Eins og nánari grein er gerð fyrir hér að neðan er fyrirhugað að Ríkisútvarpið ohf. (RÚV) hætti hliðrænum sjónvarpsútsendingum og taki upp í þess stað stafrænar sjónvarpsútsendingar (e. digital switchover). Þá mun RÚV þurfa að láta notendum sínum í té svonefnda aðgangskassa (e set-top box) sem munu að óbreyttu bera opinber aðflutningsgjöld en myndu hins vegar ekki gera það ef sá búnaður teldist hluti af fjarskiptaneti fjarskiptafyrirtækis. Mælst er til þess gerðar verði nauðsynlegar breytingar á viðeigandi lagafyrirmælum þannig að slíkur búnaður beri ekki aðflutningsgjöld þegar um er að ræða búnað sem sem nýttur er til móttöku stafrænnar mynd- og hljóðmiðlunarþjónustu fjölmiðlaþjónustuveitanda.

Ábendingar varðandi lög um tekjuskatt.

1. Innheimta tekjuskatts af þóknun til erlendra listamanna vegna listflutnings þeirra hér á landi.

Samkvæmt 3. og 6. tölul. laga um tekjuskatt ber Listahátíð í Reykjavík að láta innheimtumanni ríkissjóðs í té skilagrein með upplýsingum um greiðslu þóknana og ferða- og dvalarkostnaðar vegna þeirra erlendu listamanna sem koma fram á Listahátíð í Reykjavík. Nánari fyrirmæli um skattgreiðslur hinna erlendu listamanna eru í 2. tölul. 70. gr. laga um tekjuskatt. Skattstjórinn í Reykjavík telur að Listahátíð í Reykjavík beri að standa skil á staðgreiðslu og eftir atvikum útsvari af þeim greiðslum sem inntar eru af hendi í formi launa eða þóknana til þeirra listamanna er koma

hingað til lands á vegum hátíðarinnar. Að mati Listahátíðar í Reykjavík felst ranglæti í reglunum þar sem óheimilt sé að draga frá skattstofni kostnað sem listamennirnir hafa af því að veita umrædda þjónustu, svo sem leigu, fjármagnskostnað og flutning á tækjum, launum til aðstoðarmanna, starfsmanna og umboðsmanna. Þá kunni að vera um tvísköttun að ræða í mörgum tilvikum, þ.e. Listahátíð telji greiðslurnar fram hér á landi og listamennirnir jafnframt í sínu heimalandi. Eins og þessum ákvæðum skattalaga er framfylgt virðist ekki hægt að komast hjá tvísköttun þar sem hinn erlendi listamaður er ekki aðili að skattuppgjörinu gagnvart hérlendum skattyfirvöldum. Þá hefur Listahátíð í Reykjavík bent á að þóknun vegna listflutnings erlendra listamanna sé í sambærilegum tilvikum undanþegin skattskyldu hjá nágrannaþjóðunum. Erindi með nánari skýringum á framangreindu hefur þegar verið komið á framfæri við fjármálaráðuneytið.

2. Skattlagning á verðlaunafé (Carnegie Art Award).

Samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt ber að greiða tekjuskatt af verðlaunafé og heiðurslaunum listamanna. Samband Íslenskra myndlistarmanna (SÍM) hefur gert athugasemdir við að félagsmönnum þeirra sé þannig gert að greiða tekjuskatt af verðlaunafé sem veitt er sem viðurkenning fyrir listrænt framlag viðkomandi listamanna. Þegar um vegleg peningaverðlaun er að ræða eins og svonefnd Carnegie Art Award sé um verulega skerðingu á verðlaunafé að ræða, án þess að kostur gefist á því að reikna útlagðan kostnað á móti. SÍM hefur óskað eftir því að þegar um slík listaverðlaun er að ræða verði þau undanþegin skatti eins og tíðkast í nágrannalöndunum.

3. Skattlagning námsstyrkja (Erasmus og Nordplus styrkir).

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins hefur vakið athygli ráðuneytisins á því að framkvæmd við skattalega meðferð svonefndra Erasmus og Nordplus styrkja hafi breyst í kjölfar breyttrar túlkunar skattstjórans á Norðurlandi Eystra vegna slíkra styrkja sem voru veittir á árinu 2007. Í bréfi ríkisskattstjóra til Háskóla Íslands frá 2. febrúar 2009 er hin breytta framkvæmd staðfest og vísað til meginreglu 7. gr. laga um tekjuskatt um skattskyldu allra tekna. Um heimild til frádráttar á móti mótteknum styrkjum skv. fer eftir 2. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga og skv. túlkun ríkisskattstjóra fellur aðeins þar undir beinn útlagður kostnaður vegna þess náms sem styrkur er veittur til, þ.e. ferða- og námskeiðskostnaður en ekki upphaldskostnaður eða framfærsla.

Í svari framkvæmdastjórnar ESB til ráðuneytisins af þessu tilefni kemur fram að stefna í skattamálum sé á ábyrgð hvers aðildarlands, en ESB líti svo á að styrkirnir séu viðbótakostnaður vegna skiptináms og því styrkur vegna útlagðs kostnaðar en ekki laungreiðsla. Samkvæmt upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér frá öðrum EES-rikkjum er yfirleitt litið á styrkina sem endurgreiddan viðbótarkostnað vegna tiltekins skiptináms eða starfsþjálfunar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á að skattalög hér á landi tryggi hérlendum námsmönnum sama aðgang að Erasmus og Nordplus skiptinámskerfunum og gert er í öðrum EES-rikkjum, einkanlega Norðurlöndunum.

Sömu sjónarmið eiga við um svonefnda starfsnámsstyrki sem norræna ráðherranefndin veitir til embættismannaskipta á Norðurlöndunum. Slíkum styrkjum er ætlað að jafna aðstöðumun og aukalegan kostnað styrkþega sem hlýst af því að halda tvö heimili á styrktímabilinu.

4. Skattlagning hugverkæigna.

Á undanförunum árum hefur tónskáldum og textahöfundum staðið til boða að framselja höfundarétt sinn að útgefnum hljóðritum til sjóða sem tryggt hafa þeim endurgjald fyrir útgáfu og opinberan flutning slíkra hugverkæigna í formi reglulegra afgjalda eða summugreiðslu fyrir afnot eða varanlegt framsal hugverkæignar. Slíkt endurgjald hefur verið skattlagt sem launagreiðsla. Samtónn, hagsmunasamtök viðkomandi listamanna, hafa hins vegar fært fyrir því rök að greiða beri fjármagnstekjuskatt fyrir afgjöld af hugverkæign listamannanna þar sem um sé að ræða arð af óáþreifanlegum verðmætum í líkingu við arð í skilningi laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996.

5. Launaflokkur fyrir reiknað endurgjald listamanna.

Sjálfstætt starfandi listamönnum ber skv. reglum Ríkisskattstjóra um staðgreiðslu og reiknað endurgjald sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt. Í ákvörðun Ríkisskattstjóra vegna framtalsgerðar 2010 vegna tekjuársins 2009 er listamönnum raðað í svonefndan C flokk með m.a. blaðamönnum, fréttamönnum, dagskrárgerðarmönnum, starfsmönnum í bóka- og blaðaútgáfu, kvikmyndagerðarmönnum, skemmtikröftum, fasteignasölum, bifreiðasölum, hjúkrunarfræðingum, iðjubjálfurum, nuddurum o.fl. Hagsmunasamtök listamanna hafa gert athugasemdir við þessa atvinnuvegaflokkun Ríkisskattstjóra þar sem launabil mánaðarlauna er frá 414 þ.kr. til 663 þ.kr. á sama tíma og fjárhæð listamannalauna er 275 þ.kr. Þetta leiði til sjálfgefinnar tortryggni skattfyrivalda í þeirra garð. Margir listamenn eigi ekki kost á annarri framfærslu en listamannalaunum á milli verkefna og sýninga og þeim sé því gert erfitt fyrir að þurfa að sanna tekjur sínar.

Ábendingar varðandi lög um virðisaukaskatt.

1. Takmörkuð undanþága listamanna frá skyldu til greiðslu virðisaukaskatts.

Íslenskir listamenn sem selja listmuni sína beint til kaupenda telja að undanþáguákvæði fyrir vöru, sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000 – 9703.0000, frá greiðslu virðisaukaskatts í 2. og 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt séu allt of takmörkuð. Eins og undanþágan hefur verið skýrð í úrskurði Yfirskattanefndar er skattstjórum rétt að skrá listamenn sem selja vöru sína milliliðalaust til kaupenda í grunnskrá virðisaukaskatts ef um er að ræða sölu á handiðnaðarvörum sem hafa einkenni venjulegrar verslunarvöru, sem fellur ekki undir undanþáguákvæði framangreinds 2. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988. Í úrskurði yfirskattanefndar hefur komið fram að sala nytjamuna, sem talið er að eigi sér hliðstæður í almennri verslunarvöru, falli almennt ekki undir ákvæðið, þótt slíkir munir hafi einnig listrænt gildi sem kunni að njóta verndar höfundalaga nr. 73/1972. Til slíkra muna geta m.a. talist handgerðar töskur, seðlaveski, hárskraut og lyklakippur. Af þessu leiðir að stór hluti nytjalistar sem seld er milliliðalaust frá listamanni er, þrátt fyrir framangreint undanþáguákvæði, skattskyldur að fullu. Þá virðist þröng túlkun þessara ákvæða takmarka svigrúm listamanna til að sameinast tveir eða fleiri undir merkjum lögaðila um sölu á nytjalist sinni til almennings, þ.e. undanþágan virðist takmörkuð við bein og milliliðalaus persónuleg viðskipti listamannsins.

2. Mörk skattskyldu virðisaukaskatts.

Framangreindir listamenn hafa óskað þess að mennta- og menningarmálaráðherra beiti sér fyrir hækkun á mörkum virðisaukaskattskyldrar veltu listamanna og vísa m.a. til þess að danskir listamenn megji selja list sína beint til viðskiptavina fyrir allt að 300 þ. DKR á ári en eftir það leggist 5% virðisaukaskattur á þá sölu sem eru umfram tekjumarkið. Frítækjumark íslensku laganna sé hins vegar aðeins 500 þ.kr. og eftir það leggist 25,5% virðisaukaskattur á umframsölu, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt.

3. Ójöfn samkeppnisstaða eftir miðlunaraðferð.

a) Samtök tónlistarmanna og hljóðritaútgefenda hafa bent á að lög um virðisaukaskatt mismuni þeim sem selji tónlist og hljóðbækur til niðurbætur, þar sem þeim sé gert að greiða 25,5% virðisaukaskatt en seljendum hljómdiska sé aðeins gert að greiða 7% virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. 14. gr. og 10. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988. Þessi mismunur er sögð eiga sinn þátt í því að sala á tónlist til löglegs niðurbætur eigi erfitt uppdráttar gagnvart ólöglegri dreifingu tónlistar á netinu. Í svonefndu leiðarljósi mennta- og menningarmálaráðherra um endurskoðun höfundalaga er lögð áhersla á að stuðla beri að því að notendur taki löglega kosti fram yfir ólöglega eintakagerð (<http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/hofundarettur/endurskodun/>). Mikilvæg forsenda þess er að notendur taki löglega kosti í rafrænni dreifingu tónlistar og kvikmynda fram yfir ólöglega er að hinir löglegu séu ekki dýrari en áþreifanleg eintök sambærilegra hljómdiska og mynddiska.

b) Forsvarsmenn Skjásins hafa bent á að fyrirtækinu sé mismunað gagnvart samkeppnisaðila, 365 miðlum, þar sem tæknilega ólíkar dreifileiðir á sambærilegri sjónvarpsþjónustu beri mismunandi

skatthlutfall í virðisaukaskatti. Samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 bera afnotagiöld útvarpsstöðva 7% virðisaukaskatt. Hugtakið afnotagjald er hins vegar svo takmarkandi í þessu samhengi að það nær aðeins yfir hluta af þeirri þjónustu sem fjölmiðlaþjónustuveitendur (sjónvarpsstöðvar) veita. Áskriftargjöld fyrir hefðbundna línulega sjónvarpsþjónustu (e. linear services) falla undir hugtakið afnotagjald og bera því 7% virðisaukaskatt. Ólínuleg hljóð- og myndmiðlaþjónusta sem fjölmiðlaþjónustuveitandi lætur í té eftir pöntun í ADSL sjónvarpi (e. non-linear services), t.d. þegar áskrifandi raðar sjónvarpsdagskrá saman eftir eigin höfði, ber hins 25,4% virðisaukaskatt.


Til að jafna samkeppnisstöðu mismunandi dreifileiða fyrir hljóð- og myndmiðlun fjölmiðlaþjónustuveitanda er lagt til að 4. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 orðist svo:

- hljóð- og myndmiðlunarþjónusta fjölmiðlaþjónustuveitanda -


c) Í samræmi við samskiptaáætlun stjórnvalda (áður fjarskiptaáætlun) er fyrirhugað að slökkt verði á hliðrænum sjónvarpsútsendingum allra fjölmiðlaþjónustuveitenda hér á landi á árinu 2012. Ráðgert er að RÚV hefji stafrænar sjónvarpsútsendingar þegar á þessu ári. Til þess að taka á móti stafrænum sjónvarpsútsendingum RÚV mun félagið þurfa að leggja notendum til svonefnda aðgangskassa. Að óbreyttu munu aðgangskassarnir bera 25,5% virðisaukaskatt. RÚV hefur af því verulega hagsmuni að umbreytingin úr hliðrænum sjónvarpsútsendingum yfir í stafrænar sjónvarpsútsendingar leggi ekki of þungar fjárhagslegar byrðar á félagið. Eins og rakið er hér að framan er lagt til að sá búnaður sem RÚV þarf að festa kaup á vegna þessa beri ekki opinber gjöld, hvort sem þau nefnast vörugjald eða virðisaukaskattur. Verði ekki fallist á þau sjónarmið er lagt til að nýjum tölul., 11. tölul., verði bætt við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, svohljóðandi:

- aðgangskassar fyrir stafræna hljóð- og myndmiðlunarþjónustu -

Framangreindum sjónarmiðum er hér með komið á framfæri við fjármálaráðuneytið og mælst til þess að þau verði höfð í huga við væntanlegar skattkerfisbreytingar.



Katrín Jakobsdóttir



Ásta Magnúsdóttir